Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga úr Kirkjugarðasjóði

1. gr Inngangur

Kirkjugarðasjóður var stofnaður með setningu laga nr. 21/1963 og í hann renna að lágmarki 8% af heildarfjárveitingu til kirkjugarða skv. 39. gr laga nr. 36/1993 og að hámarki 12%. Kirkjugarðaráð sem hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs. Í ráðinu eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, forstöðumaður Minjastofnunar eða fulltrúi hans, einn fulltrúi tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi kosinn af kirkjuþingi. Biskup Íslands eða fulltrúi hans skal vera formaður kirkjugarðaráðs. Ef atkvæði falla jöfn í ráðinu ræður atkvæði biskups.

2. gr. Hlutverk

Samkvæmt lögum nr. 36/1993 er meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Úr sjóðnum má veita styrki til kirkjugarða, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. Sjóðnum er heimilt að kosta viðhald og umhirðu kirkjugarða í sóknum sem eyðst hafa af fólki.

Við úthlutun er lögð áhersla á að styrkja þau verkefni sem teljast lögbundin og verkefni sem tryggja og/eða bæta aðgengi að og innan kirkjugarða. Þar má m.a. telja verkefni tengd umhirðu, jarðsetningum, girðingum, stígagerð og fleiru slíku.

3. gr. Umsækjendur

Þau sem geta sótt um styrki í Kirkjugarðasjóð eru eftirfarandi:

Kirkjugarðsstjórnir (sóknarnefndir) er fara með umsjón kirkjugarða.

Stofnanir sem standa fyrir verkefnum er varða kirkjugarða, rekstur þeirra, umsjá eða verndun.

Til þess að umsóknir teljist gildar þurfa umsækjendur að hafa skilað inn gildum ársreikningum til Ríkisendurskoðunar það ár sem sótt er um í sjóðinn.

Einnig þurfa kirkjugarðar að hafa aðskilið rekstur kirkju og kirkjugarðs eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 36/1993

5. gr. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur rennur út í lok dags þann 31. desember ár hvert. Úthlutunarfundur fer fram í febrúar þar sem stjórn sjóðsins ákveður hvaða umsóknir teljast gildar og hvernig styrkfé er skipt á milli þeirra.

Framkvæma þarf þau verk sem sótt er um styrk til innan þess árs sem úthlutun fer fram. Styrkurinn greiðist út þegar verkefnið hefur verið framkvæmt og/eða í samráði við framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs.

Öllum umsóknum er svarað formlega og niðurstaða úthlutunarfundar ásamt fundargerð er birt á vefsíðu kirkjugarðaráðs í mars.

6. gr. Umsóknareyðblað og fylgiskjöl

Umsækjendur fylla út og skila inn rafrænni umsókn sem finna má á vef kirkjugarðaráðs.

https://kirkjugardarad.is/umsokn/

Í umsókninni þurfa að koma fram helstu upplýsingar um umsækjandann, bankaupplýsingar kirkjugarðs og fleira. Einnig þarf að skila greinagóðri lýsingu á því verki/verkefni sem sótt er um styrk fyrir. Gera þarf grein fyrir því ef sveitarfélag tekur þátt í framkvæmdakostnaði og ef sótt er um, eða fengist hefur, fjármagn úr öðrum sjóðum til verksins.

7. gr. Eftirfylgni

Framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs fylgir eftir þeim verkefnum sem fá styrk úr Kirkjugarðasjóð og gerir úttekt að framkvæmdum loknum. Ef verkinu telst lokið með fullnægjandi hætti er styrkfé greitt út að úttekt lokinni.